

Hero Productions ehf.
Súðuvogi 7
104 Reykjavík

21. maí 2019
UST201905-069/P.V.B
09.06.01

Efni: Umsókn um ljósmyndatöku – Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hero Productions ehf, dagsett 9. maí 2019, um leyfi til ljósmyndatöku innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða listrænar ljósmyndir. Verið er að mynda 2 módel og vill ljósmyndari að myndirnar séu náttúrulegar og því fari myndataka ekki fram á göngustígum. Þar sem fara þarf út fyrir stíga mun það vera gert með fullu tilliti til náttúrunar og leiðbeininga þjóðgarðsins. Staðsetning og fjöldi tökustaða innan þjóðgarðsins liggur ekki fyrir og mun fara eftir skýjafari, birtu og útsýni á tökudegi. Val á tökustöðum mun fara fram í samráði við þjóðgarðsvörð en þeir staðir sem til greina koma eru á Djúpalónssandi og Öndverðanesi. Tökur fara fram á 1 degi á tímabilinu 20.-26. maí 2019. Að tökunum koma 10 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndagildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu og umgengisreglum sem gilda um þjóðgarðinn.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hero Productions ehf. fyrir sitt leyfi fyrir ljósmyndun sbr. lýsingu hér að ofan í 1 dag á tímabilinu 22.-26. maí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Hafa skal samband við þjóðgarðsvörð a.m.k sólarhring áður en umsækjandi kemur á svæðið með upplýsingar um hvenær verkefnið hefst og hvenær því lýkur. Hafa skal samráð við þjóðgarðsvörð um staðarval (Djúpalónssand og/eða Öndverðarnes).
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að fara í tökur á viðkvænum varpsvæðum fugla.
- Óheimilt er að fara í tökur á viðkvænum gróðursvæðum
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvíkmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri



Linda Björk Hallgrímsdóttir

sérfræðingur